

Sp. 469. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]
um heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna.

Flm.: Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, samsetningu hans eftir landssvæðum, aldri skipa, veiðiaðferðum, afkastagetu og efnahagslegu gildi.

Niðurstöður verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Með tilliti til hins alvarlega ástands fiskstofna við landið hafa umræður gengið inn á það svið, að fiskiskipafloti landsmanna sé of stór og óhagkvæmur. Háværar raddir heyrast um að tafarlaust verði að minnka fiskiskipaflotann um 20—30 þúsund lestir, sumir telja um helming. Með tilliti til þessara umræðna og fullyrðinga hlýtur að teljast nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvernig fiskiskipafloti okkar er samsettur í dag, — þar sem fram komi stærð og gerð skipa, aldur og afkastageta fyrir hvers konar veiðar, úthaldsdagar á ári og á hvaða landssvæðum hann er skráður.

Þessar upplýsingar hljóta að vera grundvallaratriði þegar rætt er um takmörkun veiða og skynsamlega sókn miðað við afkastagetu fiskstofnanna og nýtingu.

Engar upplýsingar eru aðgengilegar um hversu stór hluti fiskiskipaflotans liggur bundinn í höfn eða stundar veiðar aðeins hluta úr ári.

Það er skoðun flutningsmanns, að þegar verið er að ræða um takmörkun sóknar í fiskstofna og skipulag og stjórnun fiskveiða þurfi þessar upplýsingar að liggja fyrir svo hægt sé að gera sér grein fyrir endurnýjunarþörf og ekki síður samsetningu hans og þýðingu miðað við atvinnuuppbyggingu og afkastagetu fiskvinnslustöðva víðs vegar í landinu. Kemur þar til skoðunar staðsetning miðað við nálægð fiskimiða.

Með hliðsjón af ofangreindum þáttum hlýtur að vera eðlilegt að meta efnahagslegt gildi fiskiskipaflotans fyrir viðkomandi byggðarlög og þjóðfélagið í heild.

Viðurkennt er að mestur hluti útflutningsframleiðslu landsins fer fram í hinum mörgu sjávarþorpum og bæjum víðs vegar um landið. Víða er framleiðslan svo mikil, að miðað við íbúafjölda er hægt að nefna útflutningsverðmæti 2—5 milljónir á hvern íbúa staðarins. Það er því ekki ofmælt, að tilvera og framtíð þessara byggðarlaga stendur og fellur með fiskveiðum og fiskvinnslu og er um leið undirstaða efnahags þjóðarinnar í heild. Allar ákvarðanir um samdrátt í sjávarútvegi eru því stórmál, sem verður að byggja á samræmdum aðgerðum sem byggjast á niðurstöðum sem hefur verið komist að eftir vandlega athugun, þar sem tillit er tekið til ekki aðeins vísindalegra þátta, heldur ekki síður efnahagslegrar og félagslegrar uppbyggingar víðs vegar um landið.

Það er skoðun flutningsmanns, að við eigum að flýta okkur hægt í að minnka fiskiskipaflota okkar, þörf sé á að endurskoða samsetningu fiskiskipaflotans, taka tillit til nýrrar tækni og reynslu, sem sífellt er að þróast í tæknivæddum heimi. Benda má á þá staðreynd, að bylting hefur orðið í tækniútbúnaði við fiskveiðar, sem meðal annars hefur orðið til þess að íslenski loðnuskipaflotinn afkastar mjög miklu við veiðarnar.

Ef íslenskir útgerðarmenn og sjómenn hefðu ekki verið svo opnir fyrir því að tileinka sér þessar nýjungar og tækni, væri floti okkar í dag vanbúinn við þessar veiðar.

Skuttogaravæðing er mesta framþróun í fiskveiðum okkar fyrr og síðar.

Við erum fiskveiðipjóð í fararbroddi. Þess vegna má aldrei draga úr því, að við tileinkum okkur þá tækni, sem best reynist við fiskveiðar hverju sinni, bæði hvað varðar gerð skipa, tækjabúnað og veiðarfæri. Endurnýjun er nauðsyn, en innan hæfilegra marka. Skip og bátar ganga úr sér á árabili, og er sjálfsagt að meta vandlega hvort hagstæðara er að byggja ný skip frekar en að endurbyggja gömul eða leggja þeim fyrir fullt og allt.

Framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu auðveldar ákvörðunartöku í þessu stóra vandamáli þjóðarinnar.